

Auk þess er nefndinni heimilt að láta vinna verk það, er vanrækt hefir verið, á kostnað þess, er verkið átti að vinna, og skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr hreppssjóði, en síðan taka hann lögtaki hjá þeim, er sekur er. Á sama hátt er heilbrigðisnefnd heimilt að láta rífa niður á kostnað hins seka verk það, sem unnið hefir verið í forboði hennar, og innheimta þann kostnað með lögtaki.

XII. Um gildistöku.

36. gr.

Heilbrigðissamþykkt þessi öðlast gildi þegar í stað og fellur þar með úr gildi heilbrigðissamþykkt fyrir Blönduóskaupþún frá 18. júní 1910.

Þetta tilkynnist öllum þeim, sem hlut eiga að máli, til eftirbreytni.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 24. ágúst 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

REGLUGERÐ

um eyðingu refa í Vestur-Ísafjarðarsýslu o. fl.

92

27. ágúst

1. gr.

Hreppsnefndir annast eyðingu refa.

2. gr.

Refum skal eyða með skotum eða á annan þann hátt, er veldur ekki dýrunum langvinnar kvalir. Óheimilt er því að viðhafa eitrun eða nota dýraboga.

3. gr.

Áður en þrjár vikur eru af sumri, skal hreppsnefnd hafa skipað fyrir um grenjaleitir, er fari fram, áður en sjö vikur eru af sumri. Búandi hver skal kosta leitina í landi ábúðarjarðar sinnar. Grenjaleitir í löndum eyðijarða kosta sveltarsjóður.

Nú eiga tveir eða fleiri hreppar leitarsvæði saman; annast þeir þá og kosta grenjaleitir í sameiningu.

Nú fær hreppsnefnd vitneskju eða sterkan grun um það, að refir hafist við í landi einherrar jarðar. Skal hún þá skora á ábúanda jarðarinnar að fá vel hæfan mann, til þess að leita í nefndu landi. Sinni hann eigi þeirri áskorun, getur hreppsnefnd látið framkvæma leitina á hans kostnað.

4. gr.

Hver hreppsnefnd ræður skotmann og vökumann, er skotmaður tekur gildan. Semur hún við skotmanninn um grenjavinnsluna og tilkynnir hrepps-
búum, hvern hún hafi ráðið. Skotmaður skal jafnan viðbúinn að fara á gren,
þá er það finnst og honum hefir verið gert viðvart. Eigi mega aðrir vinna gren
eða taka yrðlinga, nema atvik liggi svo til, að ekki hafi náðst í skotmann í
tæka tíð.

5. gr.

Nú finnst gren í grenjaleit eða á annan hátt. Skal það þá, ef unnt er, ekki
yfirgefið. En finni það aðeins einn maður og aðrir séu eigi nærstaddir, svo að
hann þess vegna verði að yfirgefa grenið, til þess að láta vita af því, skal hann
hraða för sinni sem mest til næsta búanda, og er búandinn skyldur að tilkynna
tafarlaust skotmanni eða næsta hreppsnefndarmanni grenfundinn; en sá, er
grenið fann, fer án tafar á það aftur og yfirgefur það ekki, fyr en skotmaður
eða vökumaður kemur. Þó er ferðamanni ekki skylt að fara aftur á gren, er
hann hefir fundið; en þá sendir búandinn mann í hans stað.

6. gr.

Allir yrðlingar, sem teknir eru á greni eða annarsstaðar á viðavangi, eru
eign þess sveitarfélags eða þeirra sveitarfélaga, sem annast um grenjavinnslu
á því svæði, enda greiði sveitarfélögin allan kostnað við grenjavinnsluna.

Heimilt er þó ábúanda að taka þátt í grenjavinnslunni, á þann hátt að bera
helming kostnaðar af greni, er finnst í landi hans. Allur annar refaveiðakostu-
aður greiðist þá af sveitarsjóði. Yrðlingar og aðrar tekjur af grenjavinnslunni
skiptast þá einnig eftir sömu hlutföllum sem greiðsla kostnaðarins. En hrepps-
nefndir hafa aðalumsjón með geymslu yrðlinga, flutning á þeim og sölu.

Tilkynning ábúanda um, að hann óski að taka þátt í grenjavinnslunni, skal
vera skrifleg og afhend hlutaðeigandi hreppsnefndaroddvita fyrir fyrsta sumar-
dag, áður en grenjavinnslan fer fram.

7. gr.

Borgun til skotmanns og vökumanns fer eftir því, sem um semst milli þeirra
og hreppsnefndar.

Nú er unnið gren, að einhverju eða öllu leyti af öðrum, en skotmanni, sam-
kvæmt niðurlagi 4. greinar. Skal þá sá, er dýrunum náði, fá borgun, sem ekki
má vera minni en helmingur þess, er hinn ráðni skotmaður hefði fengið, og
aldrei meira, en hann hefði haft.

8. gr.

Hreppsnefndir skulu fyrir 1. desember ár hvert leggja fram sundurliðaðan
reikning yfir tekjur og kostnað við eyðingu refa á afréttar- eða heimalöndum
þeirra.

9. gr.

Nú vinnst hlaupadýr á öðrum tíma en þeim, er grenjaleit fer fram, og á þá skotmaður 10 krónur fyrir hvert dýr, er hann sannar fyrir sýslunefnd, að hann hafi unnið, og greiðist gjaldið úr sýslusjóði.

Grenjaleitartími telst frá því þrjár vikur eru af sumri til loka tíundu viku.

10. gr.

Engu má raska á grenjum nema með samþykki og að fyrirsögn hlutaðeigandi sveitarstjórnar. Ekki má láta hunda hlaupa á gren, á grenjavinnslutímnum, né hafa þar óþarfan umgang eða hark.

11. gr.

Sveitarstjórn heldur skrá yfir öll þekkt gren og gerir stutta lýsingu á þeim. Hún skal láta byggja vörður og skotbyrgi við gren, þar sem þörf er á, og halda þeim við. Hún getur og látið laga skemmd gren, sem auðunnin eru, en ónýta önnur, sem torunnin eru.

12. gr.

Með refaeldi og refarækt fer eftir lögum nr. 108, 11. ágúst 1933, um refaveiðar og loðdýrarækt og reglugerð, er atvinnumálaráðuneytið setur.

13. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum frá 20 til 5000 kr., er renna í sýslusjóð, og skal með þau farið sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Vestur-Ísafjarðarsýslu hefir samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 108, 11. ágúst 1933, til þess að öðlast gildi 1. september þ. á., og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 27. ágúst 1936.

Hermann Jónasson.

Vigfús Einarsson.